

Reykjavík 16.12.2022

Efni : Aðkoma og aðgengi að Waldorfsskóla við Sóltún

Vísað er til erindis frá aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks, um aðgengi að Waldorfsskólanum Sólstöfum við Sóltún (MSS22110112).

Aðkoma að Waldorfsskóla við Sóltún 6 hefur verið til umræðu hjá USK á síðustu mánuðum m.a. vegna ábendinga íbúa, sem hafa áhyggjur af gönguleiðum skólabarna í skólann. Einnig hefur byggingarfulltrúi (Óskar Torfi) fundað með lóðarhafa um frágang á lóðinni, sem er í miklum ólestri, sbr. skipulag bílastæða, aðgengi fatlaðra ofl.

Ljóst er að uppbygging á eftir að verða austan megin við Sóltún 2. Það er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Í samtali við skólastjórnendur Waldorfsskólans síðasta vor kom einnig fram að fyrirhuguð sé stækkun á Waldorfsskólanum, en ekki er ljóst hvenær farið verður í þessar framkvæmdir. Ekki hefur verið lokið við lóðarfrágang á lóð skólans sbr. samþykkt byggingarleyfi frá 22. október 2019, svo sem gerð bílastæða þar af tvö stæði fyrir fatlaða. Aðgengi innan sjálfrar lóðarinnar, umhirða hennar og aðkoma að byggingum er í miklum ólestri og í því samhengi væri athugandi væri hvort starfsleyfi skólans sé að fullu gildi.

Reykjavíkurborg getur ekki farið í uppbyggingu göngustíga meðfram lóðum sem er fyrirhugað að byggja á, því öll slík uppbygging myndi fara forgörðum þegar framkvæmdir hæfust á lóðunum og almannafé þannig kastað á glæ.

Aftur á móti er ljóst að þörf er á einhverjum úrbótum og í vor var lagt til að að farið yrði í framkvæmdir meðfram sunnanverðu Sóltúni, með þeim hætti að þar yrði jarðvegsskipt og göngustígurinn sem þar er fyrirhugaður yrði undirbúinn undir steypu. Þannig mun þjappaður malarstígur nýtast sem göngustígur, þar til framkvæmdum á lóðunum er lokið.

Þessar framkvæmdir við göngustíginn fóru fram í nóvember sl. en ekki verður farið í að steypa gangstéttir fyrir en lóðarframkvæmum er lokið þ.m.t. á lóð Waldorfsskóla, eins og áður sagði.

Hér með er óskað eftir tímaáætlun frá Waldorfsskóla, um hvenær áætlað er að lóðarfrágangi verði lokið. Einnig er óskað eftir teikningu á útfærslu lóðarinnar, til að hægt verði að ljúka framkvæmdum á borgarlandi í framhaldinu.

Á svæðinu vestan megin við lóð skólans er skilgreint leiksvæði og þarf í samráði við deildarstjóra Náttúru og garða að ákveða fyrirkomulag leiksvæðisins og athuga hvernig það mun koma til með að tengjast við Sóltún og Miðtún. Rýna þarf sérstaklega með samgönguskrifstofu hvort sé t.d. æskilegt sé að setja gangbraut yfir Sóltúnið í þessu samhengi.

Hvað varðar aðkomu borgarinnar á svæðinu núna, þá er verkefnið tvíþætt, annars vegar gerð gangstígs sunnan við Sóltúnið sem síðar yrði steypdur. Hins vegar hönnun á skilgreindu leiksvæði á milli Sóltúns og Miðtúns, sem jafnvel færi í hönnunarsamkeppni.

Virðingarfyllt,
Bragi Bergsson
verkefnastjóri,
deild gatna, lóða og opinna svæða,
skrifstofa framkvæmda og viðhalds,
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.